

TÓNLEIKAR

Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna

Að þessu sinni er **Sinfóníuhljómsveit áhugamanna** þannig skipuð:
Konsertmeistari: Helga R. Óskarsdóttir

1. fiöla

Helga R. Óskarsdóttir
Hildigunnur Rúnarsdóttir
Sigrún Andrésdóttir
Lilja Kjartansdóttir
Rós Pétursdóttir
Jónína P. Thorarensen

Selló

Páll Einarsson
Anna Jórunn Stefánsdóttir
Árni Rúnar Inaba Kjartansson
Hrefna Guðmundsdóttir

Klarinett

Barclay Anderson
Jóhann Ingólfsson

Fagott

Oddný Þórhallsdóttir
Þórður Magnús Tryggvason

Kontrabassi

Roine Hultgren
Dean Ferrell
Kjartan Guðnason

Horn

Sturlaugur Jón Björnsson
Brynjar Björnsson

2. fiöla

Ólöf Júlía Kjartansdóttir
Halla Björg Baldursdóttir
Hólmfríður Þorvaldsdóttir
Jasmin Gut
Brynhildur Höskuldsdóttir

Flauta

Kristrún H. Björnsdóttir

Óbó

Sverrir Guðmundsson
Guðrún Másdóttir

Víola

Páll E. Ingvarsson
Súsanna Ernst Friðriksdóttir

í Seltjarnarneskirkju
sunnudaginn 27. nóvember 2011
kl. 17:00

Mozart og fleiri furðufuglar



Einsöngur: **Gissur Páll Gissurarson**
Einleikur á kontrabassa og söngur: **Dean Ferrell**
Stjórnandi: **Oliver Kentish**

Aðgangseyrir er kr. 2000, frítt fyrir börn,
afsláttarverð kr. 1000 fyrir nemendur og eldri borgara.

Hljómsveitin þakkar

Hljómsveitin þakkar Seltjarnarneskirkju og
Sinfóníuhljómsveit Íslands ómetanlegan stuðning.



EFNISSKRÁ:

W. A. Mozart (1756-1791): Sinfónía nr. 1 í Es-Dúr K16

Allegro molto

Andante

Presto

W. A. Mozart: „Il mio tesoro“ úr Don Giovanni K527

W. A. Mozart: „Per questa bella mano“ K612

Johann Matthias Sperger (1750-1812): Tónles og Aría „Selene“

- HLÉ -

Gioachino Rossini (1792-1868): Tarantella: „La Danza“

Franz Anton Hoffmeister (1754-1812): Menuett

J. M. Sperger: Tónles og Aría „Non tavnillir“

Adolf Müller (1801-1886): „Óður til kontrabassans“

UM HÖFUNDA OG TÓNVERK:

Wolfgang Amadeus Mozart (1756-1791) skrifaði fyrstu sífóníu sína árið 1764 en þá var hann aðeins 8 ára gamall. Hann var þá þegar þekktur um alla Evrópu sem undrabarn í tónlist en fyrst og fremst sem hljóðfæraleikari. Sinfóníuna samdi hann í London en fjölskyldan hafði viðdvöl þar á ferðalagi um Evrópu. Verkið sýnir undraverðan þroska tónskáldsins og þekkingu á tónlist og hljóðfærum. Hér er svo sannarlega undrabarn á ferð.

Mozart samdi konsertariuna „Per questa bella mano“ fyrir tvo samstarfsmenn sína í Vín, bassasöngvarann Frans Gerl og kontrabassaleikarann Friedrich Pichlberger (1740-1819). Sá fyrrnefndi er frægur fyrir að fara með hlutverk Sarastrós í fyrstu uppfærslu Töfraflautunnar, sá síðarnefndi var kontrabassavirtuós sem ýmis tónskáld sömdu einleikskonserta fyrir, m.a. Dittersdorf. Þessi konsertaría hefur vafist mjög fyrir fræðimönnum því Mozart gerði enga grein fyrir verkinu. Annars var hann yfirleitt frekar nákvæmur með að skrá til hvers konar flutnings verk hans voru ætluð. Hlutverk bassaleikarans er óheyrilega erfitt og yfirleitt ekki talið á færi nema snillinga. Í dag ætlar Dean Ferrell að leika verkið og gott betur, því hann mun líka syngja einsöngshlutann. Ekki lætur hann heldur þar við sitja því hann hefur aukið einsöngshlutverkið og samið nýjan texta. Þar kemur hann fram í hlutverki sjálfs Pichlbergers. Þar gerir Pichlberger lítið með síðari tíma kenningar um að Mozart hafi samið þessa erfðu aríu til að halda honum uppteknum við æfingar svo hann sjálfur fengi ráðrúm til að huga að dóttur bassaleikarans. „Þau eru bara í næsta herbergi að drekka te“, segir Pichlberger.

Johann Matthias Sperger (1750-1812) var eitt afkastamesta tónskáld síns tíma, samdi meðal margs annars 45 sífóníur. Hann var þó frægastur fyrir að spila öðrum mönnum betur á kontrabassa. Hann samdi 18 einleikskonserta fyrir kontrabassa fyrir utan önnur verk fyrir það hljóðfæri sem við fáum meðal annars að heyra hér í dag. Sperger fæddist í Feldsberg, nú Valtice í Tékklandi, en starfaði lengst af í Vín og nálægum borgum, Pressburg (nú Bratislava), Pozsony, Brno, Fidisich og víðar. Hann lærði meðal annars hjá Pichlberger í Vín, þeim sama og Mozart samdi konsertariuna „Per questa bella mano“ fyrir. Tónsmíðar lærði hann hjá Albrechtberger, sem líka kenndi Beethoven að setja saman tónverk.

Adolph Müller (1801-1886) fæddist í Ungverjalandi en ólst upp í Tékklandi og lærði píanóleik, söng og leiklist. Hann starfaði lengst af í Vín og varð einkum þekktur fyrir leikhústónlist sína, óperur og söngleiki. Íslenska þýðingin á Óðinum til kontrabassans er eftir Sigurð Ingva Snorrason.

FLYTJENDUR:



Gissur Páll Gissurarson hóf tónlistarnám sitt í Söngskólanum í Reykjavík undir handleiðslu Magnúsar Jónssonar. Hann stundaði framhaldsnám í Bologna á Ítalíu og sótti síðan einkatíma hjá Kristjáni Jóhannssyni. Gissur Páll hefur sungið við ýmis tækifæri á Íslandi. Frumraun hans á sviði var þegar hann fór með titilhlutverkið í Oliver Twist, þá aðeins ellefu ára. Hann hefur sungið í Kór íslensku óperunnar og komið fram sem einsöngvari við ýmis tilefni. Á Ítalíu söng hann með óperukórnum Chorus Athestis, söng með kór og hljómsveit í Imola og tók sín fyrstu skref á ítölsku óperusviði sem Ruiz í óperunni Il Trovatore. Þá tók Gissur Páll þátt í uppfærslum á Così fan tutte og Kátu Ekkjunni. Haustið 2005 hélt Gissur Páll til Japan og kom þar fram á 11 tónleikum fyrir hönd Íslands á Expo sýningunni sem haldin var í Nagoya í Japan. Haustið 2006 hélt Gissur sína fyrstu einsöngstónleika á Íslandi í Salnum í Kópavogi við góðar undirtektir. Eftir að Gissur fluttist til Íslands hefur hann verið stórvirkur í tónlistarlífnu hér og komið víða við. Hann hefur einnig tekið að sér stór verkefni við erlend óperuhús og fer vegur hans mjög vaxandi.



Dean Ferrell stundaði nám við Juillard-tónlistarháskólann í New York og var kennari hans þar David Walter. Hann var gestafyrirlesari við University of California á árunum 1981-82. Dean hefur leikið með hljómsveitum víða um heim. Má þar nefna Hong Kong Fílharmóníuna, Sinfóníuhljómsveit San Diego og Sinfóníuhljómsveit Pacific San José, Hljómsveit Norsku óperunnar, Hljómsveit Íslensku óperunnar og nú síðastliðin ár Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Dean er óvenjulega fjölhæfur tónlistarmaður. Hann leikur á fjölmörg bassahljóðfæri og er nánast jafnvígur á þau öll. Hann er sérfræðingur í afbrigðilegum stillingum kontrabassa (scordatura) og standa honum þar fáir á sporði. Hann hefur sótt fundi Alþjóðlega bassaleikarafélagsins undanfarin ár og getið sér þar frægð fyrir sérlega frumleg atriði sem finna má á Youtube. Þar sameinar hann afburða færni sína á hljóðfæri, leikræna tilburði og afrakstur rannsókna sinna á gamalli tónlist og hljóðfærum.